

ena húsið: meistarar tónleika

ain og kammermúsik öðlaðist hann rétt til að taka þátt í samkeppnum á „troisime cycle de piano“
Claude Faucomprez fæddist einnig í Norður-Fraklandi. Hann hóf tónlistarnám í tónlistarskólanum í Lille og fór síðan í ríkistónlistarháskólann í París. Síðan 1978 hefur hann verið einleikari á klarínett hjá Sinfóníuhljómsveit Lille.



ucomprez klarinettleikari.

svart á hvítu: russon sýnir

í ena húsinu 1977, Kjarvalsstöðum 1979, Gallery Akumalatory 2 í Póllandi 1980, Nýlistasafninu 1981, Kanal 2 í Kaupmannahöfn 1982, Listasafni ASÍ 1983, Kjarvalsstöðum 1985 og Norræna húsinu 1987. Auk þessa hefur hann tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis.

Sýning Ólafs Lárussonar í Gallerí Svart á hvítu við Laufásvegi 17 stendur til 6. mars og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 12.00-18.00.

Leikfélag Kópavogs: Svört sólskin


Á laugardagskvöldið frumsýnir Leikfélag Kópavogs leikritið Svört sólskin eftir Jón Hjartarson. Leikstjóri er Ragnheiður Tryggvadóttir. Tónlist er eftir Gunnar Reyni Sveinsson og leikmynd hannaði Gylfi Gíslason. Ljósameistarar eru Egill Árnason og Lárus Björnsson. Með aðalhlutverk fara Jóhanna Pálsdóttir og Fjalar Sigurðsson. -J.Mar.

Kjarvalsstaðir: Sigurður sýnir

Á laugardag opnar Sigurður Þórir Sigurðsson málverkasýningu í Vestursal Kjarvalsstaða.

Sigurður hefur áður haldið fjölda einkasýninga bæði hér heima og erlendis. Þessi sýning hans á Kjarvalsstöðum hefur hlotið nafnið „Úr hugarheimi“. Myndirnar eru flestar unnar á síðasta ári og fjalla þær um manninn og hvernig ytri veruleiki mótar vitund okkar ásamt þeim innri veruleika sem við búum við.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 14.00-22.00. Henni lýkur sunnudaginn 6. mars.



Sigurður við eitt af verkum sínum.



Sæmundur ásamt tveimur af hinum sérstæðu skúlptúrum sínum sem hann vinnur úr rekaviði.

Kjarvalsstaðir: Förumenn

Á laugardag opnar Sæmundur Valdimarsson einkasýningu á Kjarvalsstöðum.

Það mun hafa verið í kringum 1970 sem Sæmundur fór að setja saman myndir úr steinum og rekaviði. Þessar myndir voru fyrst sýndar í Gallerí SÚM árið 1974 á sýningu á alþýðulist sem þar var

haldin. Um það leyti hóf hann að vinna stærri skúlptúra úr rekaviði. Fyrstu einkasýningu sína hélt Sæmundur árið 1983 og eru einkasýningar hans nú orðnar sex talsins. Auk þess hefur hann tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Sýningunni lýkur þann 6. mars næstkomandi. -J.Mar

Paata Burchuladze syngur í Háskólabíói

Á laugardag munu stórsöngvarinn Paata Burchuladze og píanóleikarinn Ludmilla Ivanova halda tónleika í Háskólabíói kl. 14.30 á vegum Tónlistarfélagsins.

Paata Burchuladze fæddist í Tbilísí í Grúsíu. Hann lagði stund á píanóleik og söng í æsku en eftir að hann lauk grunnskólanámi fór hann í framhaldsnám í byggingafræði. Tónlistaráhuginn varð þó brátt yfirstærkari og árið 1972 hóf hann nám við Tónlistarháskóla ríkisins í Tbilísí og árið 1978 var hann við nám í La Scala í Milanó, meðal annars undir handleiðslu hinnar frægu kóloratúr messó-sópransöngkonu Giulietta Simionato. Árið 1981 hlaut hann 2. verðlaun í alþjóðlegu Verdi-söngvakeppninni og vakti mikla athygli fyrir flutning sinn á arium úr óperum eftir Verdi.

Árið 1982 hlaut hann 1. verðlaun í alþjóðlegu Tchaikovsky keppninni í Moskva og er Burchuladze nú einn eftirsóttasti bassasöngvari í heiminum og kemur hann fram í stærstu óperuhúsum um víða veröld. Rödd hans er óvenjulega mikil en samtímis mjúk og hefur hann oft verið talinn arftaki hins fræga Sjalapins. Á tónleikum hefur flutningur hans á rómönsum Rachmaninovs og lögum eftir Mussorgsky vakið mikla hrifningu og hefur túlkun hans á „Söngvum og dönsum dauðans“ verið talin sérstaklega áhrifamikil en það fá tónleikagestir að heyra á laugardaginn því að á efnisskránni eru eingöngu lög eftir fyrrnefnd tónskáld, þar á meðal „Söngvar og dansar dauðans“ eftir Mussorgsky.

Tilkynningar

Saurbæingar

Híð árlega þorrablót brottfluttra Saurbæinga verður haldið í Ártúni annað kvöld, 20. febrúar. Húsið opnað kl. 19.30. Matur og skemmtidagskrá. Dansað til kl. 3.

Húnvetningafélagið

Spiluð verður félagsvist laugardaginn 20.

febrúar kl. 14 í félagsheimilinu Skeifunni 17. Allir velkomnir.

Sýningar

Árbæjarsafn

Árbæjarsafn er opið eftir samkomulagi. Sími 84412.

Ásgrímssafn,

Bergstaðastræti 74
Safnið er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.30-16.

Galleri Borg,

Austurstræti 10
Í grafíkdeild Gallerí Borgar eru til sölu

og sýnis myndir hinna ýmsu íslensku grafíklistamanna.

Galleri Grjót,

Skólavörðustíg
Samsýning stendur yfir. Á sýningunni eru skúlptúrar, málverk og grafík. Þeir sem að sýningunni standa eru Jónína Guðnadóttir, Magnús Tómasson, Ófeigur Björnsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Páll Guðmundsson, Þorbjörg Höskuldsdóttir,

Órn Þorsteinsson, Rúna Guðjónsdóttir og Gestur Þorgrímsson. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12-18 og frá 10-22 laugardaga.

Galleri List,

Skipholti 50b
Þar er nú mikið úrval af grafík, olíu- og vatnslitamyndum, einnig glerlist og postulíni. Opið virka daga kl. 10-18 og kl. 10-12 á laugardögum.

Milljóna-
draumarnir
geta orðið að veruleika...

Lotto 532
Á hverjum laugardegi. Upplýsingasími: 685111